

36. gr.

Beiðni um að hönnun verði afmáð úr hönnunarskrá skal undirrituð af eiganda hönnunar. Sé nytjaleyfi skráð í hönnunarskrá skal hönnun því aðeins afmáð að eigandi sýni fram á að nytjaleyfishafa hafi verið tilkynnt um þá ætlun.

Birta skal tilkynningu um að hönnun hafi verið afmáð úr hönnunarskrá eða réttur til skráðrar hönnunar á annað nafn samkvæmt endanlegri dómsniðurstöðu.

37. gr.

Einkaleyfastofan geymir líkan sem er sent inn með umsókn, sbr. 3. mgr. 13. gr. hönnunarlags, í fimm ár eftir að skráning hefur verið felld úr gildi. Hafi eigandi líkansins ekki gert tilkall til þess innan þess tíma er stofnuninni heimilt að eyða líkaninu.

XII. KAFLI

Gildistaka.

38. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun, öðlast gildi 1. október 2001.

Íðnaðarráðuneytinu, 25. september 2001.

Jón Kristjánsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

AUGLÝSING**um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.***Áland.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. júní 2001, deiliskipulag fyrir Áland. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Aflagrandi 20-34.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, með vísan til 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, breytingu á deiliskipulagi fyrir Aflagrandi 20-34. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Mariúbaugur, leikskóla- og grunnskólalóð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. ágúst 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Mariúbaug. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Vogabakki 7-15.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. júní 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Vogabakka 7-15. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi

Köllunarklettsvegur 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 24. júlí 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Köllunarklettsveg 4. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 19. september 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

REGLUR

um Stofnun Sigurðar Nordals.

1. gr.

Almennt.

Stofnun Sigurðar Nordals er starfrækt af Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir beint undir háskólaráð og hefur að markmiði að efla hvarvetna í heiminum rannsóknir og kynningu á íslenskri menningu að fornu og nýju og tengsl íslenskra og erlendra fræðimanna á því sviði.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Stofnunar Sigurðar Nordals er:

- a. að afla gagna um kennslu og rannsóknir tengdar íslenskri menningu, sem stundaðar eru í heiminum, og miðla þeim,
- b. að bjóða erlendum fræðimönnum til Íslands til að kynna rannsóknir sínar, afla gagna til þeirra eða til að stunda rannsóknir,
- c. að gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum og fyrirlestrum um íslenska menningu,
- d. að styðja og standa fyrir útgáfu rita um íslenska menningu, þar á meðal til að kynna íslensk vísindarit um þau efni á erlendum vettvangi,
- e. að hafa forgöngu um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis í samvinnu við aðila innan Háskólans sem utan, meðal annars með því að styrkja erlenda námsmenn til dvalar á Íslandi og annast þjónustu við íslenska sendikennara,
- f. að styrkja íslenska fræðimenn til að fara til annarra landa í því skyni að stunda rannsóknir í fræðum sínum og kynna þau,
- g. að hafa samvinnu við erlenda aðila um hver þau verkefni sem falla undir hlutverk stofnunarinnar, meðal annars með því að efla félög erlendis sem sinna íslenskri menningu,